

í málinu, og þar sem vottorð þetta er allóakveðið að orðalagi og því mótmælt sem röngu, verður ekki talið sannað, að nefndur Ingólfur þjáist af nokkrum þeim sjúkdómi, er skapi honum brýna þörf á að flytja úr húsnæði því, er hann nú býr í.

Samkvæmt þessu verður ekki talið sannað, að Ingólfur hafi brýna þörf fyrir húsnæði stefnda í merkingu ákvæða 1. mgr. 1. gr. húsaleigulaganna.

Með vísan til þess verður því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

#### Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Magnús Jónsson, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Ingólfs Bjarnasonar f. h. Raftækjaverzlunarinnar Ljósa-foss, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 24. maí 1946.

Nr. 104/1945. Borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs

(Hrl. Einar Baldvin Guðmundsson)

gegn

Háskólaráði f. h. Sáttmálasjóðs sem eiganda

Tjarnarbíós (Hrl. Sveinbjörn Jónsson).

Setudómari Einar borgardómari Arnalds  
í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Útsvarsmál.

#### Dómur hæstaréttar.

Sigurður Grimsson, fulltrúi borgarfégetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 10. ágúst 1945, gerir þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi fellur og að lagt verði fyrir fégetann að framkvæma lögtak það, sem krafizt er. Svö krefst hann og málskostnaðar fyrir hæstarétti úr hendi stefnda eftir mati réttarins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Þegar litið er á tilgang Sáttmálasjóðs samkvæmt stofnskrá hans og að tekjum af Tjarnarbió hefur verið varið í samræmi við hana, þá þykir stefndi vera undanþeginn útsvarsskyldu af rekstri kvikmyndahússins samkvæmt c-lið III í 6. gr. laga nr. 106/1936, sbr. b-lið III og c-lið II í sömu grein.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda 1000 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

#### D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs, greiði stefnda, háskólaráði f. h. Sáttmálasjóðs sem eiganda Tjarnarbiós, 1000 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

#### Úrskurðar fógetaréttar Reykjavíkur 10. júlí 1945.

Gerðarþola, Tjarnarbió hér í bæ, var gert að greiða í útsvar til bæjarsjóðs Reykjavíkur fyrir ár 1944, kr. 55000.00. Þar eða fyrirvarsmenn gerðarþola hafa neitað að greiða útsvar þetta, hefur bæjargjaldkeri Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs krafizt þess, að lögtak væri látið fara fram í eignum gerðarþola til tryggingar ofangreindri útsvarsskuld.

Umboðsmaður gerðarþola hefur krafizt þess, að neitað verði um framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar og gerðarbeiðandi úrskurðaður til að greiða umbjóðanda sínum, háskólaráði Íslands vegna Sáttmálasjóðs, hæfilegan málskostnað fyrir fógetaréttinum eftir mati réttarins.

Ástæðurnar fyrir kröfum sínum telur umboðsmaður gerðarþola þær, að gerðarþoli, þ. e. Tjarnarbió, sem sé eign Sáttmálasjóðs, sé að lögum undanþegið útsvarsskyldu, og skirskotar um það til stofnskrár sjóðsins, sbr. auglýsingu nr. 11 29. júní 1919, 2. gr., 1., 2. og 3ja tölulið, svo og 3. gr. Samkvæmt ákvæðum þessara greina telur umboðsmaður gerðarþola augljóst, að Sáttmálasjóður starfi eingöngu til almenningsheilla. Sé hann því tvímælalaust undanþeginn útsvari samkvæmt 3. lið c og 6. gr. laga nr. 106/1936. Enn fremur telur hann, að sjóðurinn virðist einnig undanþeginn

útsvari samkvæmt 3. lið a sömu greinar að minnsta kosti með lögjöfnun. Samkvæmt þessu heldur umboðsmaður gerðarþola því fram, að þar eð Tjarnarbió sé einn hluti eignar Sáttmálasjóðs og rekið af honum, þá hljóti að gilda hið sama um sjóðsreksturinn og sjóðinn sjálfan. Enda sé í B-lið III 6. gr. óbeint gert ráð fyrir, að sjóðir þeir og stofnanir, er getur um í C-lið þar á eftir, geti stundað atvinnu. Heldur nefndur umboðsmaður því fram, að kvikmyndarekstur Sáttmálasjóðs sé í alla staði lögmætur samkvæmt skipulagsskrá sjóðsins, þar eð beinlinis sé þar gert ráð fyrir, að stjórn hans ávaxti fé hans á sem arðvænlegastan hátt, og virðist stjórnin eigi bundin við neinar sérstakar aðferðir í því efni.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda hefur haldið fast við kröfu sína um lögtak. Hann heldur því fram, að enda þótt Sáttmálasjóður háskólans sé ekki útsvarsskyldur, þ. e. a. s. sú starfsemi, er í stofnskránni greinir: Að geyma sjóðinn og ávaxta hann svo og að úthluta ákveðnum hluta tekna hans eftir settum reglum, þá gegni öðru máli um útsvarsskyldu almennra atvinnufyrirtækja, sem sjóðurinn og aðrir slíkir kunni að stofna til, jafnvel án beinna heimilda í samþykktum sínum eða stofnskrám. Telur hann, að rekstur kvikmyndahúsa og hvers konar almennur atvinnurekstur, sem stofnað sé til af sjóðum eða stofnunum, sem annars kynni að vera undanþegnar útsvarsskyldu, verði að teljast útsvarsskyldur, nema hann sé berum orðum undanþeginn útsvarsskyldu. Svo sé ekki um rekstur kvikmyndahúss gerðarþola. Þess vegna haldi hann fast við kröfu sína um lögtak, en hins vegar geri hann ekki kröfu um málskostnað fyrir fógætaréttinum.

Það er in confesso í máli þessu, að Sáttmálasjóður sé eigandi Tjarnarbiós og reki það. Í stofnskrá sjóðsins, sbr. auglýsingu nr. 11 26. júní 1919, 2. gr., er tekið fram, hver sé tilgangur sjóðsins. Virðist hann glögg afmarkaður, og einsætt, að hann miðar eingöngu til almenningsheilla. Og þar sem enn fremur ekkert hefur komið fram í málinu, er mæli gegn því, að arður af Tjarnarbió renni allur til sjóðsins, þá lítur rétturinn svo á, að gerðarþoli, þ. e. Tjarnarbió, falli undir III. kafla c-lið 6. gr. útsvarslaganna, og beri því að neita um framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður sé látinn niður falla.

#### Þvi úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð á eigi fram að ganga.  
Málskostnaður falli niður.